

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 2 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 2 og 4 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur B2 er færður til á lóð, stærð og lögun breytt. Skilgreindur nýr byggingarreitur B3 undir spennustöð, hámarkshæð húss er 2 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns suður, Suðrhella 12 og 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. desember 2007 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns suður, Suðrhella 12 og 14 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin verður stækkuð úr 4.027,4 m² í allt að 4.700 m². Byggja má 2.400 m² hús á tveimur hæðum. Hámarkshæð byggingar verður allt að 7,5 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 10. janúar 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2008